



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 1. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026 7. FUNDUR ÁRSINS VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 1. JÚNÍ 2022 KL. 16.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 1. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16.00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Jón Bjarnason, Daði Geir Samúelsson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Bjarney Vignisdóttir setti fund, sá sveitarstjórnarmaður með lengsta setu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, og bauð nýkjörna sveitarstjórnarmenn velkomna til starfa og óskaði þeim velfarnaðar í starfi. Óskaði hún eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

### Erindi til sveitarstjórnar:

#### 1. Kosning oddvita og varaoddvita.

Lögð var fram tillaga um Jón Bjarnason sem oddvita sveitarstjórnar út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum en Daði og Alexandra sátu hjá. Einnig var lögð fram tillaga um Bjarneyju Vignisdóttur sem varaoddvita út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum en Daði og Alexandra sátu hjá.

#### 2. Ráðningarsamningur oddvita.

Bjarney varaoddviti kynnti ráðningarsamning við oddvita. Undir þessum lið mætir á fundinn Ragnhildur S. Eyþóroddóttir í stað Jóns Bjarnasonar. Í samningnum er gert ráð fyrir að laun oddvita verði fest við 50% af þingfararkaupi en tekur síðan breytingum eftir launavísitölu. Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir samninginn og felur varaoddvita að undirrita hann. Fulltrúar L-listans samþykkja ekki samninginn og vilja bóka eftirfarandi: Okkur finnst ekki rétt að á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar eigi að hækka starfshlutfall og laun oddvita frá því sem nú er. Er það ekki í takt við ábyrga og góða stjórnarsýslu. Réttara væri að vísa þessari tillögu til umfjöllunar um fjárhagsáætlunargerð 2023. Einnig finnst okkur ekki rétt að miða bæði við þingfararkaup og launavísitölu, réttara væri að miða við að fylgja þingfararkaupi. Eins og samningurinn er settur upp munu laun oddvita hækka þrisvar sinnum á næstu 7 mánuðum.

Jón víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

#### 3. Ráðning og ráðningarsamningur sveitarstjóra.

Oddviti lagði fram tillögu um að ráða Aldísi Hafsteinsdóttur sem sveitarstjóra sveitarfélagsins. Jafnframt var lagður fram ráðningarsamningur við Aldísi Hafsteinsdóttur. Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir ráðninguna og ráðningarsamninginn og felur oddvita að undirrita hann. Fulltrúar L-listans sitja hjá og vilja bóka eftirfarandi: Aldís er reynslumikil kona og hefur góða þekkingu á því umhverfi sem sveitarstjóri Hrunamannahrepps þarf að vinna í og teljum við það góðan kost. En í ljósi þess að hún hafnað því að eiga fund með okkur áður en ráðning hennar er tekin fyrir hjá sveitarstjórn þá getum við ekki annað en setið hjá. Við getum ekki samþykkt ráðningu á starfsmanni sem við höfum ekki haft tækifæri á að hitta og ræða við sérstaklega þegar um jafn viðamikla stöðu er um að ræða. Einnig er gerð athugasemd við samninginn er varðar biðlaunarétt sem er tvöfalt hærri en biðlaunaréttur Aþingismanna fyrir jafn langan tíma í starfi.

#### 4. Skipan í stjórnir, nefndir og ráð skv. samþykktum sveitarfélagsins.

Oddviti lagði fram lista um skipan í nefndir og ráð. Tillagan er unnin í samvinnu við D-lista sjálfstæðismanna og óháðra og L-lista.

### **Tillaga um skipan í stjórnir, nefndir og ráð Hrunamannahrepps:**

Kjörstjórn:

Aðalmenn: Helgi Jóhannesson, Esther Guðjónsdóttir og Magnús Víðir Guðmundsson.

Varamenn: Svanur Einarsson, Valný Guðmundsdóttir og Karl Hallgrímsson.

Skólanefnd:

Aðalmenn: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamenn: Hildur Hjálmsdóttir, Elvar Harðarsson og Þórmundur Smári Hilmarsson.

Landbúnaðarnefnd:

Aðalmenn: Björgvin Ólafsson, formaður, Kristín Magnúsdóttir og Þórmundur Smári Hilmarsson.

Varamenn: Atli Geir Scheving, Margrét Hrund Arnarsdóttir og Páll Jóhannsson.

Umhverfisnefnd:

Aðalmenn: Kristinn Þór Styrmisson, formaður, Bjarni Arnar Hjaltason og Ragnheiður Georgsdóttir.

Varamenn: Ásta Rún Jónsdóttir, Herbert Hauksson og Brynja Sólveig Pálsdóttir.

Veitustjórn:

Aðalmenn: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, Bjarney Vignisdóttir, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Varamenn: Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir, Sigurður Sigurjónsson og Kolbrún Haraldsdóttir.

Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd:

Aðalmenn: Ragnhildur Stefanía Eyþórsdóttir, formaður, Herbert Hauksson og Arna Þöll Sigmundsdóttir.

Varamenn: Elvar Harðarsson, Gunnhildur Guðmundsdóttir og Jóhanna Bríet Helgadóttir.

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd:

Aðalmenn: Sigfríð Lárusdóttir, formaður, Heimir Sigurðsson og Brynja Sólveig Pálsdóttir.

Varamenn: Anna Kristín Lárusdóttir, Bjarni Arnar Hjaltason og Ragnheiður Björg Magnúsdóttir.

Samráðshópur um málefni aldraða í Hrunamannahreppi:

Þróstur Jónsson og Stefán Arngrímsson. Sveitarstjórn óskar eftir tilnefningum Félags eldri Hrunamanna í samráðshópinn skv. samþykktum.

Öldungaráð Uppsveita og Flóa:

Sveitarstjórn óskar eftir tilnefningu Félags eldri Hrunamanna í sameiginlegt öldungaráð Uppsveita og Flóa skv. erindisbréfi.

Yfirstjórn sameiginlegar skóla- og velferðarþjónustu Árneshóps (NOS):

Aðalmaður: Aldís Hafsteinsdóttir.

Varamaður: Jón Bjarnason.

Tilnefnd sem fulltrúar í Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshóps sem einnig fer með málefni barnaverndarnefndar fram að næstu áramótum:

Aðalmaður: Bjarney Vignisdóttir.

Varamaður: Katrín Þorvaldsdóttir.

Skipulagsnefnd Uppsveita:

Aðalmaður: Jón Bjarnason.

Varamaður: Herbert Hauksson.

Stjórn Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs (UTU bs):

Aðalmaður: Jón Bjarnason.

Varamaður: Herbert Hauksson.

Héraðsnefnd Árneseinga:  
Aðalmaður: Jón Bjarnason.  
Varamaður: Bjarney Vignisdóttir.  
Áheyrnarfulltrúi: Alexandra Rós Jóhannesdóttir.  
Varamaður áheyrnarfulltrúa: Daði Geir Samúelsson.

Almannavarnarnefnd Árnessýslu:  
Aðalmaður: Aldís Hafsteinsdóttir.  
Varamaður: Jón Bjarnason.

Landgræðslufélag Hrunamanna:  
Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu:  
Aðalmaður: Jón Bjarnason.  
Varamaður: Bjarney Vignisdóttir.

Seyrustjórn:  
Aðalmaður: Jón Bjarnason.  
Varamaður: Aldís Hafsteinsdóttir.

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:  
Aðalmaður: Jón Bjarnason.  
Varamaður: Bjarney Vignisdóttir.

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.  
Aðalmaður: Aldís Hafsteinsdóttir.  
Varamaður: Jón Bjarnason.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ofangreindar tillögur um aðal- og varamenn í stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn þakkar fráfarandi nefndarfélagi fyrir góð störf og óskar nýju nefndarfélagi velfarnaðar í störfum sínum.

5. **Svæðisskipulag Suðrhálendis: Skipun fulltrúa.**  
Sveitarstjórn skipar Jón Bjarnason og Halldóru Hjörleifsdóttur sem aðalmenn og Herbert Hauksson og Daða Geir Samúelsson sem varamenn í skipulagsnefnd um gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið.
6. **Aukaaðalfundur SASS: Skipun fulltrúa.**  
Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundi SASS þann 15.-16. júní n.k., Jón Bjarnason, Herbert Hauksson og Daði Geir Samúelsson en til vara Bjarney Vignisdóttir og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Sveitarstjórn hvetur varamenn til að sækja aukafund SASS.
7. **Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands: Skipun fulltrúa.**  
Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar hennar á aukaaðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. þann 16. júní n.k. verði Jón Bjarnason og til vara Herbert Hauksson.
8. **Aukaaðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Skipun fulltrúa**  
Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 16. júní n.k., Jón Bjarnason, Herbert Hauksson og Daði Geir Samúelsson en til vara Bjarney Vignisdóttir og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.
9. **Aukaaðalfundur Bergrisans bs.**  
Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundi Bergrisans bs. sem haldinn verður í júní, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir og Alexandra Rós Jóhannesdóttir en til vara Herbert Hauksson og Daði Geir Samúelsson.
10. **Tölvur til sveitarstjórnarmanna.**  
Oddviti lagði fram tillögu um að keyptar verði fartölvur til aðalmanna í sveitarstjórn sem sveitarstjórnarmenn eignist að kjörtímabili loknu. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

**11. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 23. júní n.k. kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:10.